

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 6226/2010.

Reykjavík, 2. október 2015.

[...]

## I.

Ég vísa til samtala sem ég hef átt við yður, B, fyrirsvarsmann A ehf., og þann lögmann sem nú rekur það dómsmál sem A ehf. hefur höfðað gegn Seðlabanka Íslands og Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. Tilefni þessara samtala voru kvörtun yðar f.h. A ehf. sem barst mér 23. nóvember 2010 og síðari bréfaskipti.

Í niðurlagi kvörtunarinnar var þess farið á leit við mig að taka „með vísan til 4. gr. og/eða 5. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis“ til athugunar hvort ákveðin atriði málsmeðferðar Seðlabanka Ísland í málum umbj. yðar, A ehf., hefðu verið í samræmi við stjórnsýslulög nr. 37/1993, almennar reglur stjórnsýsluréttar og þær sérstöku málsmeðferðarreglur sem ættu við þau álitaefni sem lýst var í kvörtuninni. Umrædd 4. gr. sem vísað er til í bréfi yðar fjallar um kvartanir til umboðsmanns og í 5. gr. er fjallað um heimild umboðsmanns til að taka mál til athugunar að eigin frumkvæði. Í 6. gr. laga nr. 85/1997 er fjallað um skilyrði þess að kvörtun verði tekin til meðferðar hjá umboðsmanni. Í samræmi við þá reglu sem kemur fram í 3. mgr. greinarinnar er það skilyrði þess að umboðsmaður geti tekið tiltekið mál til meðferðar á grundvelli kvörtunar að kæruleiðir innan stjórnsýslunnar hafi verið tæmdar og æðra stjórnvald hafi fellt úrskurð sinn í málínu. Meginreglan er því sú að mál hafi verið endalega til lykta leidd innan stjórnsýslunnar áður en þau koma til athugunar hjá umboðsmanni á grundvelli kvörtunar. Leiði endurskoðun innan stjórnsýslunnar, svo sem á kærustigi, til þess að mál sé fellt niður eða niðurstöðu þess breytt er almennt ekki tilefni til þess að umboðsmaður Alþingis taki sama mál til athugunar enda hefur borgarinn þá fengið leiðréttið sinnna mála í samræmi við stjórnsýslureglur og eftir kann að standa hvort afhafnir stjórnvalda hafi leitt til bótaskyldu gagnvart þeim sem í hlut á. Í okkar réttarskipan er það verkefni dómsstóla að taka afstöðu til slíkra álitaefna ef ekki tekst að leysa þau með samkomulagi.

Eins og ég rek hér á eftir voru ekki uppfyllt skilyrði laga til þess að ég gæti tekið erindi yðar til athugunar sem kvörtun en ég taldi hins vegar rétt, miðað við hvernig það var sett fram, að fara með það

sem ábendingu um að umboðsmaður tæki þau atriði sem þar var var fjallað um til athugunar að eigin frumkvæði. Sú athugun hefur bæði beinst að þeim atriðum sem þér vöktuð máls á í upphaflegu erindi og í síðari bréfaskiptum auk atriða sem komið hafa upp við frekari athugun þeirra atriða og í öðrum ábendingum og kvörtunum.

## II.

Kvörtun A ehf. beindist annars végar að athugun Seðlabanka Íslands á skuldabréfaútgáfu félagsins í júní 2010 sem var tilkomin vegna þess að bankinn taldi að þar kynni að hafa verið um að ræða brot gegn reglum um gjaldeyrismál, þ.e. hinum svonefndu gjaldeyrishöftum. Hins végar beindist kvörtunin að tilteknun atriðum vegna sölumeðferðar Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ) á hlutum í X hf. (...). Í síðara tilvikinu hafði A ehf. verið hluti af hópi fjárfesta sem komist hafði að samkomulagi við ESÍ um kaup á hlutum í X en áður en endanlegur kaupsamningur var undirritaður sagði fjárfestahópurinn sig frá málinu. Það hafði hópurinn gert tveimur dögum áður en kvörtunin barst mér. Af gögnum málsins var ljóst að tilefni þess var athugun Seðlabanka Íslands á umræddri skuldabréfaútgáfu A ehf. og afstaða seðlabankastjóra, sem jafnframt var stjórnarformaður ESÍ á þessum tíma, til áhrifa þeirrar athugunar á framhald þess að ganga endanlega frá kaupum fjárfestahópsins á X með þátttöku A ehf.

Þessi atriði áttu það að efni til sameiginlegt að þar skipti málí hver niðurstaða stjórnvalda yrði um meint brot A ehf. gegn gildandi reglum um gjaldeyrismál og þar með hvort tilefni hefði verið til umræddra viðbragða seðlabankastjóra sem stjórnarformanns ESÍ varðandi frekari frágang sölu á hlutum í X. Þegar kvörtunin barst mér í nóvember 2010 var athugun bankans á meintu broti A ehf. ekki lokið. Ljóst var af gildandi reglum á þeim tíma að ef bankinn teldi pá athugun leiða í ljós að um brot hefði verið að ræða gæti annaðhvort komið til þess að málinu yrði lokið með álagningu stjórnvaldssektar samkvæmt ákvörðun bankans, ef lagahemild stæði til þess, eða kæru til lögreglu ef brotið teldist meiri háttar eða bankinn teldi að öðru leyti rétt að vísa málinu til lögreglu. Í síðara tilvikinu kynni málið að ganga til ríkissaksóknara til endanlegrar ákvörðunar. Við þessar ákvarðanir, þ.m.t. á kærustigi, gat líka skipt málí hvort bankinn hefði staðið rétt að málsmeðferðinni í samræmi við reglur stjórnsýsluréttarins. Það var því þegar ljóst við móttöku á kvörtuninni að þau atriði sem þar voru tilgreind sérstaklega voru það nátengd endanlegum lyktum á rannsókn hins meinta brots A ehf. á reglum um gjaldeyrismál að ekki voru að lögum skilyrði til þess að umboðsmaður Alþingis tæki umrætt mál til athugunar á grundvelli 4. gr. laga nr. 85/1997. Ég vík nánar að einstökum atriðum í kvörtuninni hér síðar.

Kvörtun A ehf. barst eins og áður sagði 23. nóvember 2010. Þremur dögum síðar eða 26. nóvember kærði Seðlabanki Íslands hið meinta brot A ehf. vegna skuldabréfaútgáfunnar í júní 2010 til lögreglu með visan

til þess að grunur væri um meiri háttar brot á reglum um gjaldeyrismál. Ég fékk hins vegar ekki upplýsingar og gögn um þessa ákvörðun bankans fyrr en 7. júlí 2011 í framhaldi af fyrirspurn minni í brefi til bankans, dags. 6. maí 2011. Þar með var ljóst að það kæmi í hlut löggreglu, og eftir atvikum ríkissaksóknara, að taka afstöðu til þess hvort tilefni væri til opinberrar sakamálarannsóknar löggreglu og síðar ákæru vegna þess máls sem var grunnurinn að athugasemdum í kvörtun A ehf. við málsmæðferð Seðlabanka Íslands og seðlabankastjóra. Í samræmi við þær lagareglur sem gilda um starf umboðsmanns og þau sjónarmið sem þau byggja á gat því ekki komið til þess að umboðsmaður Alþingis lýsti á sama tíma afstöðu sinni til þeirra einstöku atvika og athugasemda sem til var vísað í kvörtuninni.

Rétt eins og þér höfðuð vakið máls á í kvörtuninni taldi ég hins vegar rétt að huga almennt að þeim atriðum og málsatvikum sem fram komu í máli umbj. yðar með tilliti til þess hvort það kynni að vera tilefni til þess að ég tæki einhver atriði í lagalegri umgjörð rannsókna á meintum brotum á reglum um gjaldeyrismál og stjórnsýslu Seðlabanka Íslands til athugunar að eigin frumkvæði samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 85/1997. Slíkar athuganir fara ekki fram á grundvelli kvörtunar heldur er það alfarið ákvörðun umboðsmanns hvaða atriði hann kannar og hvernig farvegur frumkvæðisathugana er mótaður. Sú skoðun sem ég taldi rétt að gera vegna hugsanlegrar frumkvæðisathugunar var því ekki bundin við atvik í máli umbj. yðar eða þau atriði sem vísað var til í kvörtuninni og bráfum yðar til mín heldur hafði ég þá einnig í huga aðrar ábendingar og kvartanir sem mér höfðu borist vegna framkvæmdar seðlabankans á þeim nýju viðfangsefnum sem hann hafði fengið í kjölfar falls stóru íslensku bankanna haustið 2008. Ég hef síðan fengið fleiri ábendingar og kvartanir sem tengjast þessum verkefnum bankans.

Ég taldi mig hafa, í samtölum okkar og á fundi með fyrirsvarsmanni A ehf. í janúar 2014, gert grein fyrir því í hvaða farvegi ég hef unnið að þessu máli og það er miður ef þar hefur gætt einhvers misskilnings. Ég réð það einnig af framsetningu hinnar upphaflegu kvörtunar umbj. yðar að þeim sem stóðu að henni hafi þá þegar verið ljóst hvaða takmarkanir voru á því að umboðsmaður gæti tekið málið til athugunar á grundvelli kvörtunar á þeim tíma og það hafi verið ástæða þess að þar var einnig vísað til heimildar umboðsmanns til að taka mál til athugunar að eigin frumkvæði. Það hefur líka ítrekað komið fram af minni hálfu, og einnig opinberlega, að þótt ég gæti ekki tekið kvörtunina til athugunar sem slika þá teldi ég að það væri stuðningur af því við almenna athugun mína á þessum málum að geta haft hliðsjón af þeim málsatvikum sem urðu í máli umbj. yðar og samskiptum félagsins og fyrirsvarsmanns þess við seðlabankann. Ég hafði líka stuðst við þau og sett fram fyrirspurnir til seðlabankans þar sem vísað var til þeirra til þess að fá gleggri mynd af almennri framkvæmd þessara mála. Af þessari ástæðu hef ég áður tekið fram að ég stefndi að því að ljúka formlegri afgreiðslu á kvörtun umbj. yðar samhliða því að gera grein

fyrir athugun minni á álitaefnum sem tengdust rannsóknum á meintum brotum á reglum um gjaldeyrismál og fyrirkomulagi á meðferð þeirra eigna sem seðlabankinn hefur haft umsjón með og annast sölu á eftir falls íslensku fjármálfyrirtækjanna haustið 2008. Eftir á að hyggja og í ljósi framvindu athugunarinnar hefði verið heppilegra að gera umbj. yðar jafnframt grein fyrir þessu bréflega til þess að enginn vafi léki á því í hvaða farvegi málið væri hjá embætti mínu.

Eins og ég hef gert opinberlega grein fyrir bæði í árlegum skýrslum mínum til Alþingis frá og með skýrslu vegna ársins 2011 og á fundum með þingnefndum fjölgangi þeim kvörtunum sem bárust umboðsmanni á árinu 2011 um 40% frá því sem var árið 2010. Frá þessum tíma hafa kvartanir á ári verið um 500 í stað þess að vera að meðaltali um og yfir 300 á árunum þar á undan. Þessi breytta staða hjá embætti umboðsmanns hefur leitt til þess að aðeins hefur verið unnt að sinna athugunum vegna frumkvæðismála í mjög takmörkuðum mæli og ekki hefur verið fallist á beiðnir um auknar fjárveitingar til að sinna þessum málum. Af þessum sökum hefur tekið lengri tíma en ég hafði vonast til að ljúka athugun minni á umræddum atriðum vegna reglna um gjaldeyrismál og starfshátt Seðlabanka Íslands. Þá kemur einnig til að ákveðin lagaleg atriði sem þessi athugun mín hefur beinst að hafa verið til umfjöllunar hjá stjórnvöldum, þ.e. ákærvaldinu, og dómstólum. Í samræmi við það að umboðsmaður fjalli ekki á sama tíma um mál sem á eftir að leiða til lykta hjá stjórnvöldum eða eru til umfjöllunar hjá dómstólum taldi ég rétt að bíða með að gera grein fyrir lokum á þessari athugun minni þar til niðurstöður þessara aðila lægju fyrir.

### III.

Til þess að skýra betur ofangreinda afstöðu mína er rétt að fjalla í þessu bréfi um þau einstöku atriði sem gerðar eru athugasemdir við í kvörtuninni án þess þó að fjallað sé um atvik málsins nema að því marki sem nauðsynlegt er.

Í fyrsta lagi voru í kvörtuninni gerðar athugasemdir við að umbj. yðar hefði ekki fengið formlega tilkynningu í samræmi við 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um að mál hans, þ.e. athugun á skuldabréfa-útboðinu í júní 2010, væri til meðferðar hjá seðlabankanum fyrr en í lok október 2010 þótt málið hefði þá verið til skoðunar hjá bankanum a.m.k. frá í ágúst þá um sumarið. Í öðru lagi var vísað til þess að umbj. yðar hefði ekki átt þess kost að neyta andmælaréttar og koma að skýringum, þótt ljóst væri að málínus kynni að ljúka með stjórnvalds-ákvörðun, bæði áður en formleg tilkynning um meðferð málsins var send og eftir hana þar sem í tilkynningu og í upplýsingum frá bankanum hefðu verið gefnar afar takmarkaðar upplýsingar um lagalegan grundvöll athugunarinnar. Þá hefði í samskiptum við starfsmenn bankans sterkelega verið gefið í skyn að málínus yrði vísað til lögreglu og ákvæði stjórn-sýslulaga m.a. um andmælarétt ættu ekki við í málsmeðferðinni.

Þegar kvörtunin barst hafði Seðlabanki Íslands sent umbj. yðar tilkynningu 27. október 2010 um „skoðun“ bankans á tiltekinni skuldbréfaútgáfu A ehf. og því var lýst að til athugunar væri hvort umrædd viðskipti hefðu falið í sér brot á tilteknum ákvæðum reglna nr. 370/2010, um gjaldeyrismál. Þá var tekið fram að umbj. yðar væri veittur frestur til 2. nóvember 2010 til að leggja fram gögn eða upplýsingar í málínu sem umbj. yðar teldi að skipt gætu málí við frekari meðferð þess. Hér var því staðan sú að bankinn hafði tilkynnt umbj. yðar um meðferð málsins og gefið honum kost á að koma að gögnum og upplýsingum en athugasemdir i kvörtuninni lutu að því að það hefði verið gert of seint og skort hefði á upplýsingagjöf bankans til þess að umbj. yðar gæti í raun komið að skýringum sínum og athugasemdum.

A þessu stigi málsins var ekki ljóst hver yrðu afdrif málsins af hálfu seðlabankans og þar með hvort því yrði lokið með álagningu stjórnavaldssektar af hálfu bankans, ef laagaheimild stæði til þess, eða hvort málínu yrði vísað til lögreglu. Þeir gallar sem umbj. yðar taldi vera á undirbúningi málsins af hálfu bankans gátu komið til úrlausnar og hugsanlega haft þýðingu við þær ákvarðanir sem stjórnvöld kynnu að taka um framhald málsins og um gildi þeirra. Málið hafði því ekki verið til lykta leitt af hálfu bankans og þar með innan stjórnsýslunnar. Að því leytinu til voru ekki uppfyllt skilyrði að lögum til þess að umboðsmaður Alþingis gæti fjallað um það eða einstök atriði vegna málsmeðferðar í aðdraganda ákvörðunar bankans á grundvelli kvörtunar. Hér er síðan rétt að minna á að samkvæmt lokaákvæði 3. mgr. 16. gr. b í lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, gilda ákvæði IV.-VII. kafla stjórnsýslulaga, þ.m.t. um andmælarétt, ekki um ákvörðun seðlabankans um kæru máls til lögreglu. Eins og nánar er fjallað um í því bréfi sem ég hef í dag ritað fjármála- og efnahagsráðherra o.fl., og hér fylgir með í ljósriti, varð sú athugun sem lýst er þar mér m.a. tilefni til umfjöllunar um framkvæmd á tilkynningum við upphaf máls.

Í þriðja lagi voru í kvörtun umbj. yðar settar fram athugasemdir um að seðlabankastjóri hefði ekki fylgt hinni svonefndu aðgreiningarreglu stjórnsýsluréttarins og reglum stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi þegar upplýsingar úr athugun Seðlabanka Íslands á áðurnefndri skuldbréfaútgáfu höfðu áhrif á frágang endanlegs kaupsamnings um kaup fjárfesta, sem A ehf. var hluti af, á eignarhlutum í X. Þegar kvörtunin barst mér hafði fjárfestahópurinn sagt sig formlega frá kaupunum tveimur dögum áður. Tilefni þess var samkvæmt kvörtuninni að fram hafði komið, eins og þar sagði, „með mjög skýrum hætti af hálfu seðlabankastjóra, sem stjórnarformanns ESÍ, að hann gæti ekki undirritað samning [um söluna á [X]] á meðan mál [[A] ehf.] væri til athugunar innan seðlabankans“.

Eins og áður sagði stóð á þessum tíma yfir og hafði staðið um tíma innan seðlabankans athugun á því hvort A ehf. hefði með tiltekinni skuldabréfaútgáfu brotið gegn reglum um gjaldeyrismál. Ákvörðun um hverjar yrðu lyktir þess máls af hálfu bankans lá ekki fyrir þegar

fjárfestahópurinn ákvað að segja sig frá kaupunum á X. Samkvæmt 23. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, ber seðlabankastjóri ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögunum. Það kemur þannig í hlut seðlabankastjóra að hafa yfirstjórn þeirra verkefna sem bankinn sinnir á hverjum tíma og gæta þess að samræmi sé í úrlausn mála milli starfseininga bankans og þá að teknu tilliti til upplýsinga sem honum berast frá einstökum starfseiningum að því marki sem það er réttmætt og heimilt.

Seðlabankastjóri hafði sem fyrirsvarsmaður bankans gert umbj. yðar grein fyrir því að hann teldi Seðlabanka Íslands og þar með það hlutafélag sem bankinn hafði stofnað um eignaumsýslu, m.a. þeirrar eignar sem ætlunin var að selja, ekki geta gengið frá kaupsamningi um söluna á meðan það væri til athugunar innan bankans hvort umbj. yðar hefði gerst brotlegur við reglur um gjaldeyrismál með skuldabréfaútgáfu, sem hafði það að markmiði að fjármagna kaup umbj. yðar á eignarhlutum í X. Framhald málsins hlaut því af hálfu bankans að ráðast af því hver yrði framvinda málsins innan bankans og þar með hvaða ákvarðanir bankinn tæki í máli umbj. yðar við lok skoðunar á máli hans. Áður en til þess kom var það hins vegar ákvörðun umbj. yðar og þeirra sem stóðu með honum að fjárfestahópnum að segja sig frá kaupunum.

Viðbrögð og þær ráðstafanir sem fyrirsvarsmenn opinberra stofnana viðhafa hverju sinni í samskiptum við borgarana og í einstökum málum verða að vera málefnaleg og réttmæt, þ.m.t. með tilliti til mats á þeim hagsmunum sem þeim ber að gæta að í starfi sínu og hagsmunum þeirra sem þeir eiga í samskiptum við. Þannig gat skipt máli hvort efni athugunar bankans gaf á þeim tíma sem samskiptin áttu sér stað réttmætt tilefni til þeirrar afstöðu sem seðlabankastjóri kynnti umbj. yðar. Við slikt mat þurfti m.a. að huga að gildi þeirra refsheimilda sem byggt var á, og bjuggu að baki þeim reglum sem bankinn hafði grun um að hefðu verið brotnar, og hvernig viðskipti umbj. yðar féllu að þeim. Seðlabankinn hafði á þessum tíma ekki komist að niðurstöðu um hvert yrði framhald málsins af hans hálfu og þar með hvort málið kæmi til kasta lögreglu og eftir atvikum ríkissaksóknara. Athugun umboðsmanns á þessu atriði hefði því þurft að beinast að efni og grundvelli umræddrar athugunar bankans, þ.m.t. gildi og túlkun á þeim refsheimildum sem bankinn taldi að ættu við. Meðan umrædd stjórnvöld höfðu ekki leitt mál vegna athugunar á meintum brotum umbj. yðar til lykta voru ekki skilyrði að lögum til þess að umboðsmáður Alþingis tæki þessi atriði til skoðunar á grundvelli kvörtunar. Í því sambandi hafði einnig þýðingu að umrædd samskipti beindust að aðdraganda samnings sem umbj. yðar hafði staðið að en ákveðið sjálfur að falla frá. Úrlausn um hvort og að hvaða leyti samskiptin kynnu að hafa haft áhrif á hina fjárhagslegu stöðu aðila er í okkar réttarskipan verkefni dómstóla, og þá oftast í tengslum við skaðabótamál, ef aðilar ná ekki samkomulagi um lausn sliks ágreinings. Við úrlausn um slikan ágreining getur líka skipt máli að taka skýrslur af

aðilum slikra samskipta og leggja mat á hvert var í raun efni þeirra. Ég ítreka að slikt er verkefni dómstóla.

Seðlabanki Íslands ákvað eftir að kvörtunin barst mér eða 26. nóvember 2010 að visa máli umbj. yðar vegna meintra brota á reglum um gjaldeyrismál til lögreglu. Sérstakur saksóknari ákvað hinn 27. febrúar 2012 að rannsókn málsins skyldi hætt en Seðlabanki Íslands kærði þá niðurstöðu til ríkissaksóknara. Ákvörðun sérstaks saksóknara var staðfest af ríkissaksóknara 23. apríl 2012 þar sem tiltekin ákvæði í þeim reglum um gjaldeyrismál sem á reyndi voru ekki talin hafa átt fullnægjandi lagastoð svo beitt yrði refsingum við meintum brotum á þeim. Þarna lá því fyrir afstaða æðsta handhafa ákerauvalds og þar með stjórnsýslunnar á þessu sviði um að hætta rannsókn þess sakamáls sem átti rót sína að rekja til athugunar Seðlabanka Íslands á umræddri skuldabréfaútgáfu umbj. yðar. Hann hafði því að þessu leyti fengið leiðréttingu í þessu máli innan stjórnsýslunnar. Rétt eins og vikið var að hér að framan byggja lögum um umboðsmann Alþingis á því að eðlilegra sé að dómstólar fjalli um ákveðin mál frekar en umboðsmaður. Það getur t.d. átt við þegar um er ræða atriði sem lúta að gerð fjárhagslegra viðskiptasamninga við stjórnvöld og ágreining sem rís af því tilefni. Það var niðurstaða umbj. yðar að höfða dómsmál á hendur Seðlabanka Íslands og ESÍ, fyrst með stefnu útgefinni 24. júní 2014 og síðan 18. desember 2014 eftir að fyrra málið hafði verið hafið.

Ég hef áður í samtölum minnt á þau sjónarmið sem komu fram við setningu laga um umboðsmann Alþingis um að stjórnvöld skuli sjálf fyrst fá tækifæri til að leiðréttá ákvarðanir, sem hugsanlega eru rangar, áður en farið er til aðila utan stjórnerfis þeirra með kvartanir. Í athugasemnum við 6. gr. þess frumvarps sem varð að fyrstu lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, segir um það: „Það væri óviðeigandi. Siðar kæmi ef til vill á daginn, að æðra stjórnavald hefði örugglega leiðrétt, ef það hefði fengið tækifæri til þess.“ (Alpt. 1986-87, Adeild, bls. 2561.) Við þetta bætist að verði það niðurstaða æðra stjórnavalds að leiðréttá rangar ákvarðanir er almennt ekki tilefni til þess að umboðsmaður Alþingis fjalli á ný um það mál. Það verður eins og áður segi að vera verkefni dómstóla að skera úr ágreiningi sem rís í framhaldi af sliku. Hins vegar kunna atriði sem umboðsmaður verður áskynja við athugun kvartana vegna slikra mála að verða honum tilefni til eigin athugunar. Eins og lýst er í bréfi mínu til fjármála- og efnahagsráðherra o.fl. hefur sú athugun sem þar er lýst m.a. beinast að lagagrundvelli þess að færa verkefni frá Seðlabanka Íslands yfir í einkahlutafélög.

Ég tel að lokum rétt að taka fram að i kvörtun yðar kom fram að umbj. yðar teldi að gild ástæða væri til að taka til athugunar hvort gjaldeyrisreglurnar sem settar hefðu verið af seðlabankanum hefðu hlutið staðfestingu ráðherra eins og lög kvæðu á um og verið birtar með lögformlega réttum hætti og stæðust þannig sem grundvöllur athugana

gagnvart borgurunum eða til töku stjórnvaldsákvarðana, s.s. um viðurlög. Eins og ég lýsi í bréfi mínu til fjármála- og efnahagsráðherra o.fl., sem hér fylgir með í ljósriti, var þetta meðal þeirra atriða sem ég taldi rétt að taka til athugunar í tengslum við hugsanlega frumkvæðisathugun mína.

**IV.**

Í samræmi við það sem áður hefur komið fram af minni hálfu hef ég miðað við að ljúka formlega meðferð minni á kvörtun A ehf. í samræmi við 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, samhliða því að ljúka athugun á þeim atriðum í lagaumgjörð gjaldeyrishaftanna og starfsháttum Seðlabanka Íslands sem ég hef haft til skoðunar að taka til athugunar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, m.a. í framhaldi af þeim ábendingum sem komu fram í kvörtuninni. Ástæða þessa er sú að ég taldi mikilvægt að geta stuðst við ákveðin málsatvik í málí umbj. yðar og skýringar sem ég aflaði vegna þeirra við þá athugun mína. Þá kom það einnig til að í kvörtuninni var þess farið á leit við mig að ég tæki þau atriði sem þar var fjallað um til athugunar að eigin frumkvæði. Þar sem ég hef nú sent fjármála- og efnahagsráðherra o.fl. bréf það sem hér fylgir í ljósriti tilkynni ég yður að það erindi sem mér barst frá yður 23. nóvember 2010 mun ekki koma til frekari athugunar hjá mér, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997.

Virðingarfyllst,



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Tryggvi Gunnarsson".

Tryggvi Gunnarsson.